



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Reykjanesbær
b.t. Kjartans M. Kjartanssonar bæjarstjóra
Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær

Mótt.	08.09.2020
Lykill	00.00
Málsnr.	2019090706
Ábmr.	KMK

Reykjanesbær 7. september 2020

Efni: Tilnefning í samstarfshóp – Samfélagsrannsóknir.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr jafnmörgum ráðuneytum til að vinna tímasetta aðgerðaráætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Samhliða þeirrar vinnu var unnið að tillögum að verkefnum í öðrum aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar sem kynntur var 21. apríl 2020 til að bregðast við efnahagslegum áhrifum COVID-19 en veittar voru 250 milljónir króna til 17 verkefna á Suðurnesjum.

Áttunda verkefni aðgerðaáætlunarinnar er *Samfélagsrannsóknir*. Markmið verkefnisins er að auka rannsóknir sem sveitarfélög og ríki geta byggt á við stefnumótun fyrir svæðið í heild og einstaka málaflokka.

Þörf er fyrir ýmsar rannsóknir sem auka skilning á samfélagsþróun svæðisins m.a. eftirfarandi:

- Lýðfræðileg þróun Suðurnesja sem auki m.a. skilning á samfélagslegum áhrifum fólksfjölgunar á svæðinu, breytingar á íbúasamsetningu og samspilinu þarna á milli. Rannsóknir fælu í sér að skoða áhrif og meta afleiðingar, en að auki að skoða til samanburðar svæði annars staðar á Norðurlöndum sem hafa gengið í gegnum svipaða þróun, t.d. Gardemoen svæðið í Noregi.
- Samfélagsleg viðhorf og félagsleg þátttaka, „Suðurnes til framtíðar“. Mæla árangur aðgerða sveitarfélaganna og vinna þar með skilvirkum hætti að auknum lífsgæðum á Suðurnesjum. Viðhorf íbúa til samfélagsins yrðu könnuð, upplýsingar um líðan þeirra og félagslega þátttöku með áherslu á niðurstöður úr Lýðheilsuvísium, Félagsvísium og ýmsum viðhorfakönnunum sem unnar hafa verið á undanförunum árum.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Verkefnið er samstarfsverkefni allra sveitarfélaga á Suðurnesjum og annarra opinberra hagaðila. Leitað var til Reykjanesbæjar um verkefnisstjórn og var það samþykkt. Verkefnastjóri er Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir.

Hér með er óskað eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í samstarfshóp vegna fyrrgreinds verkefnis. Verkefnastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum mun einnig eiga sæti í samstarfshópnum.

Verkefni starfshópsins verður að bera ábyrgð á framkvæmd rannsókna sem auka skilning á samfélagsþróun Suðurnesja.

Virðingarfyllt,

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri S.S.S.